



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

*• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland*

*☎ (+354) 591 2000*

*Fax (+354) 591 2010*

*umhverfisstofnun@ust.is*

*www.umhverfisstofnun.is*

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. júlí 2006  
Tilvísun: UST20060700101/bs

### **Hringvegur um Haugaá og Vatnsdalsá í Skriðdal, Fljótsdalshéraði. Matsskylda**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Hér er um að ræða vegagerð á 4,14 km kafla frá Haugaá að Skriðuvatni. Núverandi vegur verður endurbýggður nema um Vatnsdalsá verður um nýbyggingu að ræða. Efnispörf er um 49.000 m<sup>3</sup> og verður efni sótt í Haugaá og Vatnsdalsá. Vegurinn liggur um Haugahóla sem eru innan svæðis nr. 619 á náttúruminjaskrá. Innan þess svæðis eru einnig Vatnaskógar og Skriðuvatn. Um Haugahóla verður ekki vikið frá núverandi vegi. Hins vegar er ráðgert að taka skeringar við enda Skriðuvatns auk þess sem fyllingar munu ná út í vatnið. Umhverfisstofnun telur að á þessum stöðum eigi að reyna að víkja eins lítið og kostur er frá núverandi vegi til að forðast frekara rask.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að hluta til á fjarsvæði vatnsverndar sbr. aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017. Framkvæmdum ætti því að haga í samræmi við verklagsreglur sem tíðkast að viðhafa á skilgreindum vatnsverndarsvæðum.

Ráðgert er að láta gamla brú á Vatnsdalsá standa sem og veg beggja megin brúarinnar. Umhverfisstofnun telur að fjarlægja eigi aflögð samgöngumannvirki nema að viðkomandi mannvirki hafi minjagildi vegna t.d. aldurs, fegurðar eða ótvíræðs notagildis. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að viðhaldi viðkomandi mannvirkja sé sinnt. Ekki er í kynningarskýrslu sýnt fram á ótvírætt varðveislugildi núverandi brúar á Vatnsdalsá né vegar að henni. Því telur Umhverfisstofnun að fjarlægja eigi viðkomandi mannvirki sem vart teljast til prýði í umhverfi sínu.



Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill benda á að leita þarf umsagnar stofnunarinnar áður en framkvæmdir hefjast bæði vegna fyrirhugaðrar efnistöku sbr. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og einnig vegna framkvæmda á svæði á náttúruminjakrá sbr. 38. gr. sömu laga.

Virðingarfyllt

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson

Einar Þórarinnsson, Neskaupstað

*Sigurros Friðriksdóttir*  
Sigurrós Friðriksdóttir